Alþýðusamband Íslands

Forsetabréf

Þegar ljóst var að boðað yrði til þingkosninga í lok apríl n.k. ákvað miðstjórn ASÍ að boða til auka ársfundar þann 25. mars n.k. undir yfirskriftinni Hagur – Vinna – Velferð. Þar mun Alþýðusambandið setja fram stefnu sína og sýn varðandi viðreisn hins nýja Íslands. Lykilatriði í þeirri stefnu hlýtur að vera ákall til stjórnmálanna um að lagður verði grundvöllur að varanlegum og trúverðugum stöðugleika fyrir íslenskt launafólk. Þetta á jafnt við um stöðugleika á sviði félags- og velferðarmála sem og efnahags- og atvinnumála. Við hljótum að krefjast þess að heimilin í landinu búi við lága verðbólgu og sambærileg kjör við fjármögnun íbúðarhúsnæðis og þekkist í nágrannalöndum okkar. Þetta þýðir hóflega óverðtryggða vexti, í stað þeirra okurkjara sem nú bjóðast. Þetta eitt og sér er mikilvægasta hagsmunamál heimilanna.

Á síðasta ársfundi ASÍ í október sameinuðumst við um að eina færa leiðin út úr efnahagshremmingunum væri að stefnt yrði að aðild Íslands að ESB og upptöku evru. Krafa okkar var, að látið yrði á það reyna í aðildarviðræðum hvaða samningur Íslandi standi til boða og hann lagður fyrir í þjóðaratkvæðagreiðslu. Auðvitað verðum við að undirbúa jarðvegin vel og móta þau samningsmarkmið og skilyrði sem teljum að þurfi að uppfylla. Sérstaklega í sjávarútvegs-, landbúnaðar- og byggðamálum. Að sama skapi verðum við að horfa til þeirra sóknarfæra sem þessar greinar fengju með aðild að ESB. Einkum með auknu aðgengi að markaði fyrir fullunnar vörur á matvælamarkaði. Að þessari undirbúningsvinnu er nú unnið að fullum krafti innan Alþýðusambandsins. Það er mikilvægt að Evrópumálin verði á dagskrá í kosningabaráttunni þannig að ný ríkisstjórn fái skýrt umboð til þess að fara í viðræður. Það er mat okkar að slíkar aðildarviðræður skipti afar miklu mála núna. Þær eru helsta forsenda þess að við getum aukið hér traust og tiltrú á íslenskt hagkerfi, þannig að viðreisn efnahagslífsins gangi hratt og vel fyrir sig.

Það er hins vegar mikið áhyggjuefni hvernig umræðan hér á landi er aftur farin að snúast um að Íslendingar geti risið upp úr kreppunni á sama grundvelli og áður en að nú þurfum við bara að vanda okkur betur. Í þeirri umræðu gleymist að herkostnaður þjóðarinnar af sjálfstæðri mynt er mikill óstöðugleiki, mikil verðbólga og háir vextir. Þetta þýðir að íslenskt launafólk býr við meiri lífskjarasveiflur en þekkjast í öðrum löndunum. Svo að ekki sé talað um þá varanlegu lífskjaraskerðingu sem felst í þeim himinháu vöxtum sem við þurfum að greiða ofaná verðtryggingu. Í því samhengi er rétt að benda á að fyrir bankahrun áætluðu sérfæðingar að við greiddum að jafnaði 3-3,5% hærri vexti vegna þess að við byggjum við litla og óstöðuga mynt. Slíkir aukavextir kosta okkur 120-130 milljarða króna á ársgrundvelli. Nú eftir hrunið þegar krónan hefur fallið um ríflega 80% má gera ráð fyrir að þessu vaxtamunur verði enn meiri – trúlega yfir 5%. Þá er reikningurinn farin að nálgast 200 milljarða króna. Þetta jafngildir hvorki meira né minna en 25% af öllum launum í landinu! Það gefur auga leið að þessi kostnaður mun leggjast á almenning í formi lægri launa, hærra verðlags, hærri skatta og/eða lægra þjónustustigs hins opinbera. Erum við tilbúin til þess að sætta okkur við það?

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ